

Skýrsla keppnisráðs í Rallycrossi 2024.

Sælir félagar.

Árið í ár byrjaði vel á keppendafjölda og var hann stöðugur út árið og endaði með mjög mikilli þáttöku í Rednek 2 daga mótinu.

Einnig er gaman að sjá hvað mikill fjöldi er í unglingsflokki og vonandi heldur það áfram og að sá fjöldi smiti sér í fleiri greinar líka.

Keppnisharkan er farin að segja til sín sem er svo sem eðlilegt með fleiri keppendum og auknum keppendafjölda.

En þarna þarf að hafa stöðuga og sterka dómgæslu sem og bæta félagsanda og samstöðu hjá keppendum þegar komið er úr tækjunum til að ekki verði meiri úlfúð milli keppenda að ástæðulausu.

Þetta er eitthvað sem félögin þurfa að taka til sín og ættu að reyna byggja upp sterka grasrót með góðu og uppbyggilegu félagsstarfi.

Td með námskeiðahaldi, sem ætti að vera auðvelt að fá aðstoð með frá öðrum íþróttagreinum, það gæti mögulega skilað sér í betri aga og uppbyggilegri umræðu um sportið og akstur í keppnum.

Þetta er að okkar mati starf sem þarf að byrja á hjá yngri kynslóðum til að byggja á fyrir framtíðina við sem erum eldri ættum að geta komið að þessari uppbyggingu fyrir framtíðina.

Einnig eru margir keppendur og áhorfendur sem gleyma því að Rallycross er kappakstur og snerti sport og mikið getur gerst þegar margir eru í braut og allir ætla að vinna.

Þetta er eitthvað sem margir mættu hugsa um áður en farið er að æsa sig yfir hlutum.

Keppnishald gekk nokkuð vel. En starfsmanna mál eru samt ekki endilega í góðum málum hjá félögunum sem halda keppnirnar, þar sem það virðist vera enn erfiðara að fá starfsfólk hvað þá að fá fólk til að skuldbinda sig til að mæta sem starfsmaður á keppnir sumarsins, sem kemur niður á reynslu margra þeirra sem mæta í störfum.

Námskeið fyrir starfsmenn virðist vera erfitt að koma á þar sem ekki margir vilja mæta á námskeið. Vonandi verður hægt að bæta úr því á komandi árum.

Það hafa ýmsir kvartað yfir því að Rallycross keppnir taki of langan tíma?! Þeir ættu nú þá að finna sé eitthvað annað gera.

Góð keppni sem nánast ekkert gerist í er oft búin um fimmleytið. Byrjar um átta um morgunin.. keppni sem mikið gengur á í getur verið mun lengur.

En það er kappakstur og fólk verður bara að velja hvað það vill vera í.

Við lítum björtum augum á framtíðina í Rallycrossi og setjum okkur það markmið að hlúa að og aðstoða við meiri uppbyggingu á sportinu.

Takk fyrir okkur.

Keppnisráð Rallycross.